

Miðvikudaginn 17. október 1990.

Nr. 290/1989. **Hópsnes h/f**

(Skarphéðinn Þórisson hrl.)
gegn

Birni H. Haraldssyni

(Jón G. Briem hdl.).

Kaupgjaldsmál. Vinnusamningur. Sjómenn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Bjarni K. Bjarnason og Hjörtur Torfason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 21. júlí 1989. Hann krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara, að hann verði einungis dæmdur til að greiða stefnda 106.486 krónur með vöxtum eins og í aðalkröfu og að málskostnaður verði þá látinn falla niður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Óumdeilt er, að skipstjóri mb. Hópsness, GK-77, veitti stefnda áminningu um vanrækslu í starfi í marsmánuði 1988. Af hálfu áfrýjanda er því haldið fram, að áminning þessi hafi átt sér stað 16. mars, og ber að leggja það til grundvallar í málinu. Eigi er í ljós leitt, að stefndi hafi vanrækt störf sín á skipinu eftir það. Stefndi varð fyrir meiri háttar líkamsáverka 6. apríl 1988. Var áfrýjanda tilkynnt um atvikið strax sama dag. Ósannað er, að meiðsli þessi hafi stefndi bakað sér af ásetningi eða stórfelldu gáleysi, sbr. niðurlag 4. mgr. 36. gr. sjómannalaga nr. 35/1985. Stefndi útskrifaðist af Borgarspítalanum 12. apríl 1988, og í vottorði Einars Ólafssonar lækni, dagsettu 15. apríl 1988, segir, að stefndi sé óvinnufær. Áætlað lækningarnir, að stefndi verði óvinnufær út aprílmánuð. Stefnda var vikið úr skiprúmi 18. apríl 1988, áður en ráðningartími hans var liðinn og án þess að heimild hafi verið til þess samkvæmt 23. og 24. gr. sjómannalaga, eins og atvikum var háttað. Á stefndi því rétt á kaupi samkvæmt 9. gr. laganna. Með þessum athugasemdum ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda 60.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Hópsnes h/f, greiði stefnda, Birni H. Haralds-syni, 60.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Grindavíkur 26. júní 1989.

I. Mál þetta, sem var dómtekið 9. þ.m., hefur Björn Haraldsson, Hamragarði 12, Keflavík, höfðað gegn Hópsnesi hf., Vesturbraut 3, Grindavík, með stefnu, birtri 1. febrúar 1989.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði dæmt að greiða sér kr. 240.571 auk 44,4% ársdráttarvaxta af kr. 67.026 frá 15.5.1988 til 15.6.1988, af kr. 145.945 frá þeim degi til 15.7.1988, en 52,8% vaxta af kr. 227.429 frá þeim degi til 15.8.1988, 56,4% vaxta af kr. 240.571 frá þeim degi til 1.9.1988, 49,2% vaxta frá þeim degi til 1.10.1988, 33,6% vaxta frá þeim degi til 1.11.1988, 27,6% vaxta frá þeim degi til 1.1.1989 og 21,6% vaxta frá þeim degi til birtingardags stefnu, en frá þeim degi með vöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, þar með taldir vaxtavextir samkvæmt 12. gr. Enn fremur er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands auk dráttarvaxta samkvæmt vaxtalögum að liðnum 15 dögum frá dómsuppsögu. Þá er þess krafist, að viðurkenndur verði sjóveðréttur í mb. Hópsnesi, GK-77, til tryggingar tildæmdum kröfum.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að sér verði dæmdur málskostnaður samkvæmt gjaldskrá LMFÍ auk 12% söluskatts úr hendi hans.

II. Stefnandi var yfirvélstjóri á mb. Hópsnesi, GK-77, eign stefnda, og hafði gegnt því starfi í um þrjá mánuði, er hann slasaðist þ. 6. apríl 1988 og þurfti að leggjast inn á sjúkrahús. Segir svo í áverkavottorði Borgarspítalans:

„Kemur með sjúkrabíl frá sjúkrahúsinu í Keflavík á slysadeild kl. 5.30 þann 6.4. sl. Hafði verið skorinn á háls með beittum hnífi. Áverkann veitti félagi hans og höfðu þeir drukkið lítills háttar vín um miðnætti og mun félaginn hafa neytt amfetamíns að sögn sjúklings. Sjúklingur hafði komist af eigin rammleik á sjúkrahúsið í Keflavík og eftir að bundið var um sár fluttur á slysadeild Borgarspítalans.

Næstu daga hesstist sjúklingur vel og var útskrifaður af spítalanum 12.4.88.

Álit.

Telja verður þetta meiri háttar sár á hálsi og litlu munaði að stóru æðarnar á hálsi hafi skorist í sundur og hefði þá sjúklingur fengið varanlegan skaða, ef ekki dauða.“

Móðir stefnanda og sjúkrahúslæknir tilkynntu skipstjóra mb. Hópsness þegar, hvað gerst hafði, og tveimur dögum síðar tjáði fósturfaðir hans skipstjóranum, að hann yrði óvinnufær um skeið, eigi skemur en hálfan mánuð, en stefnandi mun hafa verið óvinnufær í einn mánuð. Útgerðarstjóri stefnda sendi stefnanda þ. 18. apríl 1988 svohljóðandi bréf:

„Aðfaranótt 6. apríl 1988 barst skipstjóranum á m.b. Hópsnesi GK-77 í síma sú tilkynning, að þú hefðir slasast og gætir ekki mætt í róður. Ekki fékkst uppgengið hvernig slysið bar að eða hve mikið þú hefðir slasast.

Þar sem þú varst 1. vélstjóri á m.b. Hópsnesi GK-77 og þú hafðir *ekkert* samband haft við skipstjóra eða útgerðarmann höfum við orðið að ráða vélstjóra í þinn stað til að fylgja þeim lögum og reglum sem fara verður eftir.

Teljum við að ráðningu þinni sé þar með lokið.“

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að sér hafi verið sagt upp ólöglega, og eigi hann rétt á kaupi frá stefnda út uppsagnarfrestinn, sem sé þrír mánuðir samkvæmt kjarasamningi milli Sjómannasambands Íslands og Landsambands íslenskra útvegsmanna og 2. mgr. 9. gr. sjómannalaga nr. 35/1985. Þá vísar hann kröfum sínum til stuðnings til 25. gr. sjómannalaga og 1. tl. 197. gr. siglingalaga nr. 34/1985.

Dómkrafa stefnanda er byggð á útreikningi Vélstjórafélags Suðurnesja að frádreginni greiðslu stefnda á hluta launa vegna aprílmánaðar, og er ekki um hana tölulegur ágreiningur.

III. Stefndi byggir kröfur sínar á 23. og 24. gr. sjómannalaga.

Samkvæmt 23. gr. nefndra laga getur skipstjóri vikið skipverja úr skiprúmi, ef: 1. skipverji verður lengur en um stundarsakir ófær til vinnu vegna veikinda eða slysa..... Á þá skipverji rétt til launa samkvæmt 36. gr. Samkvæmt 24. gr. laganna getur skipstjóri vikið skipverja úr skiprúmi, ef: 2. skipverji kemur ekki til skips á ákveðnum tíma og skipið á að láta úr höfn eða ráða verður annan mann í hans stað, 4. skipverji er ítrekað (sic) drukinn um borð, nema brot sé því alvarlegra, eða er undir áhrifum fikniefna um borð. Skipverji, sem vikið er úr skiprúmi samkvæmt þessari grein, á ekki rétt á kaupi lengur en hann gegndi starfi sínu. Ef skipverji gat ekki komið til skips vegna veikinda eða meiðsla, sem hann á ekki sök á, skal hann þó eiga rétt til kaups samkvæmt fyrirmælum 36. gr.

A. Með vísan til dómsgagna um tildrög þess atburðar, er stefnandi varð fyrir meiðslum aðfaranótt 6. apríl 1988, telur stefndi ljóst, að stefnandi hafi sjálfur átt sök á þeim.

Maður sá, sem veitti stefnanda áverka í umrætt sinn, var ákærður fyrir að hafa reynt að svipta stefnanda lífi í íbúð hans með því að skera hann með hnífi þvert á háls 15 sm langan skurð, sem náði í gegnum ystu vöðvalög framanvert á hálsi og inn í barkann. Var brotið talið varða við 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Með dómi sakadóms Keflavíkur 2. desember 1988 var ákærði fundinn sekur um brotið, en með skírskotun til 15. og/eða 16. gr. almennra hegningarlaga var honum eigi dæmd refsing, en gert að sæta öruggri gæslu á viðeigandi stofnun. Úr dómnum verður tilgreint eftirfarandi, sem dómari máls þessa gerir jafnframt að rökum sínum fyrir því, að eigi beri að fallast á þá málsástæðu stefnanda, sem hér um ræðir: „Í vætti sínu fyrir dómnum hefur vitnið Björn skýrt svo frá að þeir hafi þekkt, hann og Anton, í um það bil eitt og hálft ár. Hafi verið með þeim nokkur kunningsskapur og einhvers konar kynferðisleg samskipti, þó á þann hátt að ekki þykir ástæða til að fjalla um það að neinu leyti í málavaxtalýsingu, enda vart tilefni til þess þar sem ljóst virðist að atburður kvöldsins hafi ekki átt rót sína að rekja til kynferðislegrar áreitni, að minnsta kosti ekki þarna um kvöldið, en þrátt fyrir ítrekaðar spurningar hefur ekki tekist að fá neina skýra mynd af því hvernig sambandi þeirra Antons og Björns var háttað að þessu leyti, en eins og áður segir þá virðist það ekki hafa verið í neinum beinum tengslum við þann verknað, sem um er fjallað í máli þessu.“ „Ekki verður getum að því leitt, hvað vakað hafi fyrir ákærða, enda verður að hafa í huga geðheilbrigði hans er atburðurinn varð. Ekki virðist hægt að rekja nein tengsl milli verknaðarins og aðdragandans að honum.“ „Þá verður að telja allar líkur á því að það hafi verið fyrir tilverknað árárþola að ekki fór verr en raun bar vitni.“

B. Samkvæmt skýrslu skipstjórans á mb. Hópsnesi, GK-77, dskj. nr. 16, sbr. skýrslu stýrimannsins, dskj. nr. 17, hafi stefnandi komið þrisvar drukkinn um borð eða undir áhrifum vímuefna. Oft hafi þurft að bíða eftir honum og þrisvar hafi hann ekki mætt, að öllum líkindum vegna áfengis- eða vímuefnaneyslu. Fram kom á dskj. nr. 17, að stefnandi hafi iðulega verið miður sín af völdum áfengis- eða vímuefnaneyslu um borð og þannig ófær um að gegna ábyrgðarstöðu, sbr. 1. tl. 1. mgr. 24. gr. sjómannalaga. Stefnandi hafi verið aðvaraður sérstaklega af skipstjóra, sbr. 2. mgr. 24. gr. tilvitnaðra laga.

Það er álit dómsins, að niðurstaða málsins verði ekki reist á þessari málsástæðu þegar af þeirri ástæðu, að þar er fjallað um önnur atriði en urðu tilefni brottrekstrar samkvæmt uppsagnarbréfi. Rétt er þó, að fram komi, að fyrir ætluðum ávirðingum hafa ekki verið færð fullnægjandi gögn við rekstur málsins.

IV. Niðurstaða málsins samkvæmt framangreindu er sú, að kröfur

stefnanda eru að öllu leyti teknar til greina, þó þannig, að málskostnaður ákveðst kr. 60.000.

Viðurkenndur er, sbr. 1. tl. 1. mgr. 197. gr. siglingalaga nr. 34/1985, sjóveðréttur í mb. Hópsnesi, GK-77, til tryggingar tildæmdum kröfum.

Aðfararfrestur samkvæmt 6. mgr. 193. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 41. gr. laga nr. 28/1981 og 4. mgr. 194. gr. sömu laga, ákveðst 15 dagar.

Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari kveður upp þennan dóm.

D ó m s o r ð:

Stefnandi, Hópsnes hf., greiði stefnanda, Birni Haraldssyni, kr. 240.571 ásamt 44,4% dráttarvöxtum á ári af kr. 67.026 frá 15.5.1988 til 15.6.1988, en af kr. 145.945 frá þeim degi til 15.7.1988, síðan 52,8% vöxtum af kr. 227.429 til 15.8.1988, síðan 56,4% vöxtum af kr. 240.571 til 1.9.1988, en síðan 49,2% vöxtum til 1.10.1988, síðan 33,6% vöxtum til 1.11.1988, síðan 27,6% vöxtum til 1.12.1988, síðan 24% vöxtum til 1.1.1989 og 21,6% vöxtum frá þeim degi til 1. febrúar 1989, en síðan með vöxtum samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1987 til greiðsludags. Vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 15.5.1989.

Stefndi greiði stefnanda málskostnað, kr. 60.000, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu.

Stefnandi á sjóveðrétt í mb. Hópsnesi, GK-77, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Aðfararfrestur er 15 dagar.